

## Bæjarráð FW: Fundargerð heilbrigðisnefndar 6. maí 2021

**Til** : Hjördís Práinsdóttir  
**Frá** : Práinn Ágúst Arnaldsson  
**Heiti** : Bæjarráð FW: Fundargerð heilbrigðisnefndar 6. maí 2021  
**Málsnúmer** : 2021030004  
**Málsaðili** : Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða  
**Skráð dags** : 11.05.2021 14:27:21  
**Höfundur** : Hjördís Práinsdóttir

**Viðhengi** [HEVF GJALDSKRÁ 2021\\_drög1.pdf](#)[HEVF GJALDSKRÁ 2021\\_drög1.pdf](#)  
[ársskýrsla 2020.pdf](#)[ársskýrsla 2020.pdf](#)  
[aðalskoðun28042021104523.pdf](#)[aðalskoðun28042021104523.pdf](#)  
[Ársreikningur 2020.pdf](#)[Ársreikningur 2020.pdf](#)  
[Fundargerð\\_133\\_fundar\\_6\\_maí\\_2021.pdf](#)[Fundargerð\\_133\\_fundar\\_6\\_maí\\_2021.pdf](#)

Með kveðju

Práinn Ágúst Arnaldsson, Bókhald  
450 8045 - 848 0321 – [thrainna@isafjordur.is](mailto:thrainna@isafjordur.is)

---

**From:** Anton Helgason [mailto:anton@hevf.is]  
**Sent:** mánudagur, 10. maí 2021 08:43  
**To:** Ísafjarðarbær  
**Subject:** Fundargerð heilbrigðisnefndar 6. maí 2021

Sæl öll

Heilbrigðisnefnd fundaði þann 6. maí þar sem leiðréttur ársreikningur v. ársins 2020 var lagður fram ásamt ársskýrslu fyrir árið 2020. Heildar rekstrarkostnaður var kr. 44.208.085 af því eru laun og launatengd gjöld 80%. Kostnaður við eftirlitið er greiddur með eftirlitsgjöldum, þjónustutekjum, leyfisgjöldum og framlögum sveitarfélaga. Eftirlitsgjöld árið 2020 voru kr 28.076.138. Leyfisgjöld stóðu undir 4% af rekstrarkostnaði. 138 eftirlitsferðir voru skráðar í fyrirtæki sem eftirlit er haft vegna matvæla, hollustuhátta og mengunar. 110 ferðir voru farnar vegna eftirlits með vatnsveitum. Fyrirtæki fá oft matvælaeftirlit, hollustuháttaeftirlit og umhverfiseftirlit í sömu ferð. Á árinu 2020 voru tekin 131 sýni, af þeim voru 17 sem ekki stóðust kröfur. Tekið var sigvatnsýni frá þremur urðunarstöðum. Tekin voru 110 sýni af neysluvatni. Hjá ferðaþjónum í dreifbýli voru tekin sýni hjá 28 aðilum af þeim voru 13 sem ekki stóðust kröfur. Hjá 16 matvælaframleiðendum í dreifbýli voru 3 sem ekki stóðust kröfur. Heilbrigðisnefnd þarf að skila upplýsingum til tveggja stofnana ríkisins þ.e. Landsbundinni eftirlitsáætlun LEMA til Matvælastofnunar en Landsáætlunar til Umhverfisstofnunar. Þessar tvær stofnir óska eftir mismunandi upplýsingum um annarsvegar matvælafyrirtæki þar sem höfuð áherslan er á brotum á reglum og hinsvegar hollustuhátta og mengunarfyrirtæki til Umhverfisstofnunar þar sem megin áherslan er flokkun eftir starfsleyfum og fjöldi eftirlitsferða. Þessi tvöfalda upplýsingagjöf gerir það að verkum að við þurfum að breyta okkar skráningum þannig að hægt verði með rafrænum hætti að aðskilja upplýsingar sem við þurfum að gera grein fyrir, eftir því hvort um matvælafyrirtæki eða annað eftirlit er að ræða. Gjaldskráin er grunnurinn að flokkun fyrirtækja við þurfum því að hafa tvö eða fleiri númer við fyrirtæki með fjölþætta starfsemi s.s. grunnskólar og leikskólar, þar þarf að vera annarsvegar númer fyrir grunnskólann sem fær hollustuháttaeftirlit og hinsvegar mótuneyti sem fær matvælaeftirlit. Gjaldskrá fyrir árið 2021 fylgir með, en eftir er að fara loka yfirferð yfir hana áður en hún verður send í Stjórnartíðindi.

Umhverfisstofnun hefur sent tilmæli um að aðalskoðun fari fram skv. Leikvallareglugerð. Í reglugerðum um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, segir að rekstraraðili beri ábyrgð á að leiksvæði og leikvallatæki þess sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Í 12. gr. reglugerðarinnar segir að innra eftirlit feli í sér reglubundna yfirlitsskoðun og aðalskoðun. Hvað aðalskoðun varðar skal hún fara fram með að hámarki 12 mánaða millibili og framkvæmd af faggiltum aðilum. Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með að slík skoðun hafi farið fram. Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er varðar eftirlitið. Umhverfisstofnun brýnir fyrir heilbrigðisnefndum að grípa til viðeigandi ráðstafana innan valdheimilda ef misbrestur er á að aðalskoðun hafi farið fram. Undanfarin ár hefur heilbrigðiseftirlitið vakið athygli á þessu ákvæði en ekki séð skýrslur vegna aðalskoðana. Hér með er óskað eftir að nýjustu skýrslur v. aðalskoðana leikvalla verði sendar til heilbrigðiseftirlitsins.

Með kveðju

Anton Helgason  
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða  
Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík  
S.4567087 og 8618489